



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 29. Apríl 2023
Tilvísun: M202303-0251

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, 894. mál

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Samantekt

Fjármálaáætlun felur í sér að frumjöfnuður verði jákvæður á þessu ári og skuldir nái hámarki í 40% af vergri landsframleiðslu. Stjórnvöld hafa ekki sýnt nægjanlegt aðhald í útgjöldum. Afkoma hefur hins vegar batnað vegna áhrifa hagsveiflunnar á tekjur. Tekjuauka sem leiðir af stöðu hagsveiflunnar er því ráðstafað í aukin útgjöld fremur en draga úr skuldum. ASÍ telur að ganga þurfi lengra í eflingu tekjustofna hins opinbera og að horfa þurfi m.a. til notkunar auðlindagjalda og umbóta í skattlagningu fjármagnstekna.

Há verðbólga og vandi á húsnæðismarkaði eru stærstu áskoranir efnahagsmála á næstu misserum. ASÍ telur það vonbrigði að ekki sé að finna markvissar aðgerðir til að draga úr verðbólgu eða bregðast við afkomu- og húsnæðisvanda í fjármálaáætlun. Í raun hafa áherslur stjórnvalda í skattamálum unnið gegn hjöðnun verðbólgu¹. Stjórnvöld geta stutt við heimilin og eflt tekjustofna hins opinbera án þess að dregið sé úr aðhaldi ríkisfjármála. ASÍ telur að setja þurfi umbætur í húsnæðismálum í forgang á næstu misserum ásamt því að styrkja stuðning til barnafjölskyldna og efla húsnæðisstuðning með sértækum aðgerðum þannig að markmið um að húsnæðiskostnaður nemi undir 25% af ráðstöfunartekjum náist.

Staða opinbera fjármála batnað – afkoma veik miðað við stöðu hagsveiflunnar

Staða opinberra fjármála er mun sterkari en óttast var skömmu eftir heimsfaraldur. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 var stefnt að því að skuldir hins opinbera næðu hámarki í 59% af vergri landsframleiðslu. Til að ná því markmiði var þörf á að ráðast í afkomubætandi aðgerðir sem næmu 35-40 milljörðum á ári á árunum 2023-2025.

Skilvirk bólusetning og hröð aflétting sóttvarnaraðgerða hefur leitt til þess að efnahagsbati hefur reynst hraður. Í fyrirbyggjandi áætlun er gert ráð fyrir að frumjöfnuður verði jákvæður á þessu ári sem nemur 15,8 milljörðum. Skuldahlutfall nær því hámarki í 40%, sem telst hóflegt á alþjóðlegan mælikvarða og þörf á afkomubætandi aðgerðum er hverfandi. Bati í afkomu skýrist þó einkum af hagfeldri þróun tekna, þ.e.

¹ Áhersla á gjaldtöku ökutækja og hækkun krónutölugjalda stóðu undir meira en helmingi hækkunar vísitölu neysluverðs í janúar.



tekjur hafa aukist vegna stöðu hagsveiflunnar t.d. þróun launa, atvinnuþátttöku og mikilli veltu í hagkerfinu.

Áætlunin dregur fram klassíska veikleika í opinberum fjármálum, ekki er sýnt nægjanlegt aðhald í útgjöldum á sama tíma og tekjuöflun hefur verið veikt. Í umsögn um fjármálastefnu 2022-2026 benti Alþýðusambandið á að markmið um útgjaldavöxt væru óraunhæf og myndu ekki skapa grundvöll fyrir boðaðar umbætur í stjórnarsáttmála. Síðan þá hefur vöxtur útgjalda reynst meiri en lagt var upp með í fjármálastefnu án þess að ráðist hafi verið í markvissar aðgerðir á tekjuhlið. Ekki fæst betur séð en að tekjuauka sem leiðir af stöðu hagsveiflunnar hafi verið ráðstafað í aukin útgjöld. Slík stefna gæti þrengt að rekstri hins opinbera þegar hægir á umsvifum í hagkerfinu. Miðað við stöðu hagsveiflunnar hefði afgangur þurft að vera meiri og tekjuauki verið nýttur til hraðari lækkun skulda. Sú stefnumörkun sem lagt er upp með í fyrirliggjandi fjármálaáætlun er að mörgu leyti svipuð þeirri sem Alþýðusambandið gagnrýndi í umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024.

„Stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum hefur byggt á því að afgangur af ríkisrekstrinum grundvallast fyrst og fremst á tímabundinni aukningu tekna vegna mikilla umsvifa á uppgangstímum sem eiga sér já fordæmi. Þegar tekið hefur verið tillit til hagsveiflunnar hefur rekstur ríkisins í reynd verið í járnnum undarfarin ár. Samhliða þessu hefa tekjustofnar markvisst verið veiktir ss. með efnámi auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkun á neyslusköttum og tollum auk þess sem stjórnvöld hefa látið kjá líða að sækja auknar tekjur t.d. til ferðaþjónustunnar. Sá vandi sem nú blasir við er ekki fyrir séður og hefur ASÍ ítrekað heft uppi varnaðarorð um að eflingarmátt þessa muni verða þær að þegar hægir á í efnahagslífinu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna nauðsynleg útgjöld. Til að halda eflingu ríkissjóðs innan fjármálastefnunnar muni blasa við aðhald og niðurskurður í ríkisrekstrinum“²

Alþýðusambandið hefur séð ástæðu til að gagnrýna þá skattastefnu sem birst hefur í fjármálaáætlunum síðustu ára. Lögfestar skattkerfisbreytingar á tímabilinu 2013-2019 minnkuðu tekjur ríkisins um samanlagt 27 milljarða á ári sé miðað við árið 2019 og eru þá ótalin áhrif af efnámi auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda, breytingum á tekjuskattkerfinu, lækkun bankaskatts og hækkun frítekjumarks fjármagnstekna svo dæmi séu nefnd.³ Fjármálaráð hefur einnig velt því upp að vafi ríkir um hvort tekjustofnar standi undir reglulegum útgjöldum hins opinbera.

Stjórnvöld hafa sett í forgang að hækka gjöld og efla tekjustofna sem snúa að skattlagningu ökutækja og umferðar. Í fjárlögum fyrir árið 2023 var fólst aukin skattlagning að stærstu hluta í hækkun gjalda og krónutölugjalda (6,4 milljarðar) og hækkun gjalda á bifreiðar (4,9 milljarðar). Alþýðusambandið hefur séð ástæðu til að gagnrýna þessa forgangsöröðun. Í fyrsta lagi að skattlagning sé aukin á heimili á sama tíma og skattar hafa verið lækkaðir á fjármagn t.d. gegnum lækkun bankaskatts og hækkun frítekjumarks fjármagnstekna. Í öðru lagi hefur sambandið talið það gagnrýnivert að aðgerðirnar komi til framkvæmda við svo hátt verðbólguþig. Hækkun krónutölugjalda og áherslur í skattlagningu bifreiða skýrðu um helming af verðlagshækkun janúar mánaðar. Aðgerðirnar hafa því unnið gegn hjöðnun verðbólgu. ASÍ hefði talið æskilegra að styðjast við aðra tekjuöflun við hátt verðbólguþig sem hefði ekki bein áhrif á verðlag og unnið gegn þenslu. Í fyrirliggjandi fjármálaáætlun er boðuð frekari áform um skattlagningu bifreiða en í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir aukningu tekna sem nemur 7,5 milljörðum á árinu 2024.

² <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5507.pdf>

³ Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2019). Sjá Töflu 2.5 „Endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum.“




Áherslur ASÍ í tekjuöflun:

ASÍ styður aukið umfang auðlindagjalda.

- Í fjármálaáætlun er boðið endurskoðun á lögum um veiðigjald. Breytingarnar eru ekki útfærðar. Jafnframt er gert ráð fyrir hærra gjaldi á fiskeldi sem skila ætti 700 m. kr. ASÍ telur ástæðu til að benda á að mæld auðlindarenta í sjávarútvegi nam 56 milljarði á árinu 2021.⁴ Með auðlindarentu er átt við arðsemi umfram eðlilega arðsemi fjármagns. ASÍ telur mikilvægt að notkun eðlilegra og sanngjarnra auðlindagjalda sé innleidd við alla nýtingu auðlinda. Er þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi vaxandi umfangs fiskeldis sem fjallað er um í áætluninni.

Auðlindarenta og veiðigjald (á verðlagi 2021)



ASÍ styður notkun komugjalda:

- Í fjármálaáætlun er boðið gjaldheimta á ferðapjónustu og skemmtiferðaskip sérstaklega tiltekin. ASÍ teldi skilvirkast að taka upp komugjöld sem leggjast á alla ferðamenn. Gylfi Zoega benti á það árið 2015 að hóflegt komugjald upp á 3 þús. krónur hefði aflað 5 milljarða króna⁵. Tekjurnar hefði verið hægt að nota til að styrkja innviði greinarinnar og til að standa undir ágangi og kostnaði vegna ferðamanna. Sama gjald hefði numið 9,5 milljörðum árið 2018, 8,7 milljörðum á síðasta ári og yfir 10 milljörðum á þessu ári miðað við hóflega spá um ferðamannafjölda.


⁴ Sjá nánar, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/audlindarenta-i-sjavarutvegi-var-56-milljardar-arid-2021/>

⁵ Sjá <https://www.visir.is/g/2016504047d>



Tekjur af hóflegu komugjaldi

(3.000 kr. á verðlagi 2015). 2023 nær yfir Jan-Mars



Girða þarf fyrir tekjutilflutning:

- Óeðlilegir hvatar eru til staðar í íslensku skattkerfi sem skapa ábata fyrir atvinnurekendur að telja fram launatekjur sem fjármagnstekjur (þ.e. tekjutilflutningur)⁶. Skýrar vísbendingar eru um að slíkt viðgangist á Íslandi en flest lönd reyna með einhverjum hætti að koma í veg fyrir slíka skattasniðgöngu. ASÍ metur að umbætur sem takmarka myndu tekjutilflutning gætu skilað 3-8 milljörðum til hins opinbera. Umbætur á þessu sviði voru boðaðar í stjórnarsáttmála og í áætlun er boðað að tillögur verði lagðar fram á þessu ári. ASÍ fagnar þessum áformum.

Auka þarf framsækni í skattlagningu:

- Ísland er með tvíþætt skattkerfi þar sem fjármagnstekjur bera lægri skattbyrði en launatekjur. Vegna aukins vægis fjármagnstekna, lækkar skattbyrði hinna allra tekjuhæstu þegar tekjur aukast. Skattlagning er því ekki framsækin upp tekjustigann. Horfa þarf til þess að auka framsækni skattkerfisins þannig að skattbyrði fari vaxandi upp allan tekjustigann. ASÍ hefur bent á að ná megi þeim markmiðum með ólíkum leiðum, t.d. breytingum á fjármagnstekjuskattlagningu, eignarskattlagningu eða samspili af ólíkum sköttum.

Önnur skattlagning:

- ASÍ telur gagnrýnivert að bankaskattur hafi verið lækkaður. Rökstuðningur fyrir lækkuninni var að hún myndi skila sér í bætt kjör til viðskiptavina bankanna. Engin merki eru um að slíkt hafi raungerst.

Brýnt að ná niður verðbólgu

Verðbólga er stærsta efnahagsáskorunin á tímabili áætlunar. Verðbólga fór hratt vaxandi á síðasta ári og hafa drifkraftar verðlagshækkana verið margir og fjölbreyttir. Húsnæðisverð var megin drifkraftur


⁶ Sjá nánar í skýrslu ASÍ, "Skattar og ójöfnuður", https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnuður_skyrsla_070921.pdf



verðbólgunnar á fyrri helmingi síðasta árs en þegar leið á árið fór verðbólga að vera almennari en þar höfðu áhrif m.a. þróun hrávöru- og aðfangaverðs og þróun innfluttrar vörur.

Ólíkt flestum Evrópuríkjum hefur verðbólga hér á landi ekki verið drifinn áfram af beinum áhrifum af hærra gas- og orkuverði. Í Evrópu hafa þessi áhrif gengið hratt til baka frá áramótum, og lækkaði verðbólga á Evrusvæðinu úr 8,5% í 6,9% í síðasta mánuði. Sé horft framhjá orkuáhrifum jókst hinsvegar almenn verðbólga á Evrusvæðinu og mælist nú 7,9%. Á Íslandi mælist verðbólga 8,5% án orkuáhrifa á mælikvarða samræmdu vísitölnnar. Almenn verðbólga er því enn mikil bæði hér á landi og á Evrusvæðinu.

Verðbólga á mælikvarða samræmdrar vísitölu, HICP



Nokkuð hefur borið á umræðu um drifkrafta verðbólgu. Hafa þar verið nefndar ólíkar orsakir, t.d. áhrif vaxta á húsnæðismarkað og auðlegðaráhrif, áhrif hrávöruverðs og innflutts verðlags, áhrif eftirspurnar, þáttur launahækkana, þáttur fákeppni og fákeppnisálagningar og að lokum áhrif verðbólguvæntinga. Í einhverjum mæli hafa allir framangreindir þættir haft einhver áhrif á verðlagsþróun síðustu missera.


Staða fyrirtækja og atvinnugreina getur verið ólík. Engu að síður er nokkuð óumdeilt að staða fyrirtækja hefur verið sterk í gegnum heimsfaraldur. Jafnframt er samkeppnishæfni útflutningsgreina sterk, vinnuafleiftirspurn hefur verið mikil og afkoma fyrirtækja hefur verið sögulega há undanfarin tvö ár.⁷ Á sama tímabili hefur hlutur launa í verðmætasköpun dregist saman. Launahlutfallið mælir hversu hátt hlutfall verðmætasköpunar fer til launafólks. Launahlutfallið lækkaði milli ára, mælist nú 64% í einkageiranum og 71% í hagkerfinu í heild.⁸

⁷ Sjá nánar nýlega samantekt ASÍ, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/launahlutfall-i-hagkerfinu-laekkadi-a-sidasta-ari/>

⁸ Launahlutfallið lækkaði minna ef horft er framhjá auðlindagreinum og mannvirkjagerð.




Launahlutfall í einkageira



Rekstrarafgangur sem hlutfall af þáttatekjum, 1997-2022

Brotalínur eru meðaltöl



Hin hlið launahlutfalls mætti túlka sem hlut fjármagns í verðmætasköpun, þ.e. hlutfall rekstrarafgangs af verðmætasköpun. Rekstrarafgangur er hagnaður fyrirtækja fyrir vaxtagreiðslur. Alls jókst rekstrarafgangur fyrirtækja um 26% í einkageiranum á síðasta ári og um 33% árið 2021. Rekstrarafgangur jókst þannig umfram verðbólgu, þrátt fyrir hækkun aðfangaverðs.

Tölurnar gefa til kynna sterka stöðu fyrirtækja í gegnum heimsfaraldur en eru einnig vísbending um að álagning hafi aukist samhliða verðhækkunum. Mikið hefur verið ritað um hættuna á víxlverkun verðlags og launa. Tölur um rekstrarafkomu fyrirtækja benda þó til þess að hætta sé á víxlverkun hagnaðar og verðlags, þar sem aukin álagning fyrirtækja, oft vegna vaxandi fákeppni ýtir undir verðbólgu. Alþjóðastofnanir og erlendir Seðlabankar hafa varað við þessari þróun⁹.

⁹ Sjá <https://www.ecb.europa.eu/press/inter/date/2023/html/ecb.in230401~ec65174af7.en.html>



Skoðað niður á atvinnugreinar má sjá vöxt rekstrarafkomu í flestum atvinnugreinum á síðasta ári. Í heild- og smásöluverslun jókst rekstrarafgangur um 20%, þ.e. afkoma jókst umfram verðbólgu. Í auðlindagreinum hefur aukning rekstrarafgangs verið enn meiri. Að nafnvirði jókst rekstrarafgangur um 81% í framleiðslu málma og um 49% í fiskvinnslu. Í mannvirkjagerð var aukningin 40%. Tölurnar gefa til kynna þann hvalreka sem hlaut af hækkun húsnæðisverðs og hækkun hrávöruverðs.


Ráðstöfunartekjur heimila drógust saman á síðasta ári

Vaxandi verðbólga á síðasta ári hefur leitt til þess að ráðstöfunartekjur heimila hafa dregist saman. Á síðasta ári jukust ráðstöfunartekjur heimila um 9,2% milli ára. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann dróst saman á sama tímabili, um 1,7% milli ára.

Vaxandi verðbólga hafði verulega neikvæð áhrif á kaupmátt ráðstöfunartekna eftir því sem leið á síðasta ár. Á þriðja ársfjórðungi dróst kaupmáttur á mann saman um 6,1% milli ára og á fjórða ársfjórðungi mældist samdrátturinn 3,4% milli ára.


Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann

Ársbreyting milli ársfjórðunga, %



Breyting ráðstöfunartekna 2020-2021

Fast verðlag





Hafa þarf í huga að þróun ráðstöfunartekna milli heimila og ólíkra hópa getur verið mjög breytileg. Þannig jukust ráðstöfunartekjur á Covid árinu 2020, þrátt fyrir mikið atvinnuleysi. Atvinnutekjur drógust saman, mest í neðri hluta tekjudreifingar. Á móti vó félagslegur stuðningur, atvinnuleysisbætur og úttekt séreignarsparnaðar¹⁰. Árið 2021 jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna að meðaltali um 4,6%. Aukningin var hins vegar mest í efstu tíund, um 10,3% og skýrðist af gríðarlegum vexti fjármagnstekna.

Nú þegar kaupmáttur fer minnkandi er hættu á því að áhrifin komi verst niður á viðkvæmum hópum, t.d. tekjulágum, einstaklingum sem treysta á félagslegan stuðning, aðilum á leigumarkaði o.s.frv. Staða heimila og geta þeirra til að mæta óvæntum hækkunum og kostnaði er afar breytileg. Hvernig þeim áhrifum verður mætt er pólitískt úrlausnarefni. Stjórnvöldum er þó vandi á höndum, styðja þarf við heimili án þess að aðgerðir ýti undir frekari framleiðsluspennu eða verðbólgu. ASÍ leggur áherslu að afkomuvanda sé mætt með sértækum aðgerðum.

Stjórnvöld geta stutt við heimilin og eftir tekjustofna hins opinbera án þess að dregið sé úr aðhaldi ríkisfjármála. Tryggja þarf að tilfærslur sem viðkvæmir hópar treysta á séu verðbættar í fjárlögum hvers árs. Reynslan sýnir að félagslegar tilfærslur veikist kerfisbundið sökum þess að greiðslur þróast ekki í takt við verðlag eða launaþróun, má þar nefna greiðslur fæðingarorlofssjóðs, húsnæðisbætur, vaxtabætur, barnabætur o.s.frv. Fjárhæðir fæðingarorlofs hafa sem dæmi verið óbreyttar frá árinu 2019 og fjárhæðir ábyrgðasjóðs launa frá árinu 2018.

Stjórnvöld hafa frá síðasta ári gert breytingar á barnabótum, hækkað húsnæðisbætur og hækkað eignarkerðingarmörk vaxtabóta. Hækkun húsnæðisbóta nam 13,8% á áramótum en alls hækkuðu húsnæðisbætur um 25% á síðasta ári.

ASÍ telur ástæðu að benda á að hér var um löngu tímabærar leiðréttingar að ræða. Á árunum 2017-2022 voru húsnæðisbætur að mestu óbreyttar á tímabili sem verðlag hækkaði um 25%. Hækkun á eignaskerðingamörkum vaxtabóta var einnig leiðrétting sökum þess að fjárhæðir höfðu ekki þróast í takt við eignaverð. ASÍ hefur áður bent á að vaxtabótakerfið sé ómarkvisst, eignaskerðingar séu of brattar og kerfið nýtist ekki til að draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði¹¹.

Breytingar á barnabótum munu fela í sér jákvæðar kerfisbreytingar en Alþýðusambandið telur þó að ganga þurfi lengra í að fjármagna stuðning til barnafjölskyldna. Umfang framangreindra aðgerða voru 5,8 milljarðar. Í því samhengi má benda á að hækkun krónutölugjalda og gjalda um áramótin nam 6,4 milljörðum og hækkun gjalda tengd bifreiðum nam 4,9 milljörðum.

Skortur á aðgerðum til að mæta húsnæðisvanda

Húsnæðismarkaður hefur ýtt undir sveiflur og óstöðugleika í íslensku efnahagslífi frá aldarmótum. Sveiflur í húsnæðisverði má rekja til ólíkra þátta bæði á eftirspurnar- og framboðshlið eftir því hvaða tímabil er skoðað. Aðgerðir stjórnvalda til að styðja við og auðvelda húsnæðis kaup hafa oftast en ekki ýtt undir eftirspurn og ýkt sveiflur í húsnæðisverði. Til viðbótar hefur lýðfræðileg þróun og fjölgun íbúa ýtt undir

¹⁰ Sjá nánar, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/felagslegur-studningur-dro-ur-ahrifum-efnahagsthrenginga/>


¹¹ Sjá <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/hvad-var-d-um-vaxtabaeturnar/> og <https://www.asi.is/media/317745/umsogn-fjarmalaaetlun.pdf>



aukna eftirspurn eftir húsnæði. Þannig fluttust yfir 40 þúsund íbúar til landsins umfram brottflutta frá árinu 2016. Í slíku umhverfi er áskorun að tryggja að framboð mæti hratt vaxandi eftirspurn.

Húsnæðismarkaður á Íslandi hefur einnig tekið þeim breytingum að leigumarkaður hefur stækkað að umfangi. Hlutfall einstaklinga í leiguhúsnæði jókst úr 13% í um 22% á árunum 2005-2015. Hlutfallið er í dag nærri 26%. Vöxtur ferðapjónustu og mikil fjölgun aðfluttra hefur hraðað þessari þróun. Alþýðusambandið telur að stjórnvöld hafi sifið á verðinum gagnvart húsnæðismarkaði. Því hefur hefur ekki verið ráðist í nægjanlegar umbætur á umhverfi leigumarkaðar eða réttindum leigjenda. Niðurstaðan er að of margir leigjendur búa við óásættanlegt húsnæðisöryggi og of mikla húsnæðisbyrði. Tölur Hagstofunnar benda einnig til þess að þröngbýli hafi aukist¹² en með þröngbýli er átt við að aðilum fjölgar um hvert herbergi. Þröngbýli fer hraðast vaxandi meðal hinna tekjulægstu. Um er að ræða aðra birtingarmynd húsnæðisvanda sem ekki hefur verið vandamál í áratugi á íslenskum húsnæðismarkaði.

Þröngbýli



Heimild: Hagstofa Íslands

Alþýðusambandið leggur áherslu á að langtímauppbygging almennra íbúða og íbúðafélaga með aðkomu lífeyrissjóða verði grunnur að heilbrigðum og öruggum leigumarkaði. Í núverandi umhverfi hárra vaxta og minni eftirspurnar er hættu á því að almennir verktakar dragi úr áformum um byggingar. Nýlegt samantekt Samtaka Iðnaðarins bendir til þess að hratt geti dregið úr nýbyggingum á næstunni. ASÍ telur að mæta þurfi þessum samdrætti með auknum krafti í uppbyggingu almennra íbúða. Þar þurfi stjórnvöld að tryggja aðgengi að lóðum og vera tilbúin til að veita mun meiri fjármunum til stofnframlaga en nú er gert ráð fyrir.

Í fjármálaáætlun er áformað að draga úr stuðningi við mannvirkjagerð gegnum minni endurgreiðslur á virðisaukaskatti. ASÍ telur þessi áform varhugaverð við núverandi aðstæður. Hættu er á að áformin geti haft neikvæð áhrif á framboð húsnæðis á næstu árum. Áhrifin eru sérstaklega neikvæð á uppbyggingu óhagnaðardrífina íbúða. Bjarg Íbúðafélag metur að breytingar verði til þess að hækka byggingakostnað um 10-15 þúsund krónur á hvern fermeter. Áhrifin koma fram í hærra leiguverði.

¹² Hvert heimili þarf eitt herbergi sem er sameiginlegt fyrir allt heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12-17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir 12 ára aldri.



Til viðbótar við langtímauppbyggingu leiguhúsnæðis er ljóst að ráðast þarf í umbætur til að stuðla að heilbrigðari húsnæðismarkaði, auknu húsnæðisöryggi leigjenda og auka upplýsingaöflun um stöðu leigjenda.

- **Þörf er á betri gögnum um stöðu leigjenda og þróun leiguverðs**

Breytingar voru gerðar á húsaleigulögum í lok síðasta árs. Í frumvarpinu var ráðgert að koma á almennri skráningaskyldu leigusamninga. Markmið breytinganna að bæta upplýsingar og gögn um leigumarkað, þróun leiguverðs ásamt upplýsingum um tegund og gerð leigusamninga. ASÍ telur mikil vonbrigði að skráningaskylda leigusamninga hafi verið veikt í meðförum Alþingis, en breytingar voru gerðar á skráningaskyldu þannig hún næði einungis yfir þá sem hafa atvinnu af útleigu. Við breytingarnar var ljóst að markmið frumvarpsins myndu ekki nást enda stór hluti leigusamninga gerður af einstaklingum sem ekki hafa leigu að atvinnu. ASÍ hvetur til þess að skráningaskyldan nái utan um alla leigusamninga.

- **Stuðla þarf að auknu húsnæðisöryggi leigjenda**

Endurskoðun húsaleigulaga stendur yfir um þessar mundir. Alþýðusambandið telur mikilvægt að gerðar verði breytingar á lögum með það að markmiði að auka húsnæðisöryggi og fyrirsjáanleika um þróun leiguverðs.

- **Styrkja þarf forgangsrétt leigjenda.** ASÍ leggur til að allur vafi verði tekinn af um það að leigjandi með tímabundinn samning eigi alltaf skilyrðislausan forgangsrétt til áframhaldandi leigu nema í undantekningartilvikum. Þar leggur ASÍ til að ferlinum að virkjun forgangsrétti sbr. 52. gr. laganna verði breytt. Skylda verði lögð á leigusala að gefa leigjanda kost á að nýta forgangsrétt sinn. Leigusali beri sönnunarbyrði fyrir því að leigjanda hafi verið kynntur réttur sinn í einhvers konar leigulokatilkynningu.
- **Draga þarf úr vægi tímabundinna samninga.** ASÍ telur eðlilegt að setja takmörk á það hversu oft megi endurnýja tímabundna leigusamninga. Hvað það varðar er hægt að horfa til 5. gr. laga nr. 139/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna. Jafnframt leggur ASÍ til að óheimilt verði að vísitölutengja tímabundna leigusamninga.
- **Auka þarf vægi ótímabundinna samninga.** Munurinn á tímabundnum og ótímabundnum samningum verði því sá að eingöngu sé heimilt að verðtryggja ótímabundna samninga og þá með árlegri uppfærslu. Uppsögn ótímabundinna samninga verði háð skilyrðum.

- **Endurskoða þarf hvata sem ýta undir ásókn fjárfesta í húsnæði**

ASÍ telur vísbendingar um að skattalegir hvatar sem ýti undir ásókn fjárfesta í húsnæði séu rúmir. Má þar nefna skattalegan afslátt af leigutekjum í gegnum 50% frítekjumark. Einnig þyrfti að endurskoða skattlagningu söluhagnaðar húsnæðis.

Aðrar athugasemdir:

Í fjármálaáætlun er boðuð endurskoðun á örorkulífeyriskerfinu. Í því samhengi er gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Er þar ráðgert að nýta framlag til jöfnunar verði til að



fjármagna breytingar á örorkulífeyri. ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við þessi áform og bendir á að ekkert samráð hafi verið haft við verkalýðshreyfinguna.

Misjöfn örorkubyrði getur dregið úr getu einstakra lífeyrissjóða til að standa undir skuldbindingum varðandi greiðslur ellilífeyris til sjóðfélaga. Þannig getur örorkubyrðin skapað misvægi innan lífeyriskerfisins og jafnvel orðið til þess að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga í ákveðnum sjóðum.

Í tengslum við kjarasamninga árið 2005 samþykkti þáverandi ríkisstjórn að jafna þessa misjöfnu byrði sjóðanna með jöfnunarframlagi til þeirra sjóða sem mikið á reynir. Umræddar greiðslur hafa hvorki verið markvissar né haldið verðgildi undanfarin ár og einhver brögð á að frá þeim verði horfið. ASÍ telur það réttlætismál að byrði þessi sé jöfnuð og skorar á ríkið að axla sína ábyrgð í þeim efnum.

f.h Alþýðusambands Íslands

Róbert Farestveit
Hagfræðingur